

Umhverfisstofnun
Ah. <i>JBW</i>
06. júní 2013
8.22.1
Tilv. <i>VST20120900092</i>



Umhverfisstofnun
Drög að stöðuskýrslu fyrir vatnasvæði Íslands
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Reykjavík, 5. júní 2013

Efni: Umsögn um drög að stöðuskýrslu fyrir vatnasvæði Íslands til kynningar.

Samtök iðnaðarins þakka fyrir að fá tækifæri til að gera athugasemdir við drög að stöðuskýrslu fyrir vatnasvæði Íslands. Fram kemur í skýrslunni að ástandið hérlandis er víðast gott og augljóst að mikið hefur áunnist á undanförnum árum í frárennslismálum. Sveitarfélög og fyrirtæki hafa tekið höndum saman um að bæta umgengni, setja upp mengunarvarnir og minnka álag á vatn. Hér að neðan eru nokkrar ábendingar um atriði sem betur mega fara í skýrslunni.

Í samantekt fremst í skýrslunni segir að fulltrúar ráðgjafanefndar hagsmunaaðila eigi sæti í vatnasvæðanefndum sem tók þátt í gerð draganna. Rétt er að fulltrúar nefndarinnar voru skipaðir í vatnasvæðanefndir á lokastigum vinnunnar og vart hægt að segja að þeir hafi tekið þátt í gerð skýrslunnar. Ætla má við lestur samantektarinnar að ráðgjafanefnd hagsmunaaðila hafi haft aðkomu að málinu í gegnum sína fulltrúa. Rétt er að aðrir fulltrúar í ráðgjafanefnd, en þeir fjórir sem tóku sæti í vatnasvæðanefndum, höfðu enga aðkomu að málinu fyrr en eftir að skýrsludrögin voru birt opinberlega. Í kafla 3.1 er farið yfir skipan nefndanna og sagt að þær hafi verið skipaðar í janúar 2012 en ekki tekið fram að fulltrúar ráðgjafanefndar komu ekki inn í starfið fyrr en í september eða október 2012 eftir fyrsta fund nefndarinnar.

Skjalið líður fyrir skort á heildarsýn og virðist skrifað af nokkrum ólíkum aðilum án þess að samræming milli vatnasvæða hafi farið fram. Mismunandi aðferðum er beitt og mat á upplýsingum og framsetning er ólik. Sem dæmi gætir ósamræmis í umfjöllun um mengunarhættu af starfsemi. Höfundar skýrslunnar virðast ýmist fjalla um álag eingöngu eða taka áhættu með í matið. Í öllum köflum skýrslunnar er fjallað um almennt álag og mengunarvarnarbúnað en í sumum tilvikum er einnig fjallað um hvort hætta sé á mengunarslysi. Æskilegt er að þetta verði lagað og samræmt milli svæða.

Annað dæmi um ósamræmi er að fyrirtæki eru ýmist nafngreind eða ekki. Samtökin sjá ekki þörf á að nafngreina fyrirtæki í skýrslu sem lýsir almennri stöðu mála. Greiningin er ekki fullkláruð á þessu stigi málsins, eins og fram kemur að ofan, og eins og segir á síðu 14 er um að ræða „huglægt álagsmat“. Umfjöllunin er auk þess smámunasöm á köflum og á jafnvel frekar heima í eftirlitsskýrslu en í yfirlitsskýrslu sem þessari. Fram hefur komið í athugasemendum frá einstaka fyrirtækjum og sveitarfélögum að upplýsingar eru rangar. Það er bagalegt að Umhverfisstofnun birti upplýsingar af þessu tagi án þess að

bera þær undir viðkomandi aðila og komi þannig í veg fyrir að úreltar eða rangar upplýsingar séu birtar opinberlega um tiltekin fyrirtæki og sveitarfélög. Þessi vinnubrögð eru ekki í samræmi við starfsreglur sem Umhverfisstofnun setur sér í öðrum málaflokkun, t.d. varðandi birtingu á eftirlitsskýrslum.

Í álagsgreiningu er sérstaklega fjallað um skipasmíðastöðvar og TBT mengum frá botnmálningu skipa, sjá síðu 25 og 43. Notkun botnmálninga með TBT er bönnuð um allan heim og hefur verið svo síðasta áratug. Reyndar er notkunin afar takmörkuð hérlandis þó farið sé enn aftar, eða 20 – 30 ár aftur í tímann. Efnin eru ekki lengur notuð og í frárennsli fer einkum vatn vegna þvotta á bátum. Eftir því sem árin líða fækkar eldri skipum með óverulegum leifum af TBT botnmálningu. Þar sem svo langt er um liðið frá því að bann tók gildi er ástæða til að endurskoða þörf á vöktun skipasmíðastöðva af þessum sökum. Á síðu 43 segir einnig „Á slippasvæðum er einnig hætta á að önnur efni leiki niður og mengi fjöru og sjó.“ Hér þarf að tilgreina hvaða efni það eru sem um ræðir og hvort ástæða sé til að ætla að þau valdi álagi. Greiningin fyrir þessi fyrirtæki er óljós og ófullnægjandi og byggir að hluta á upplýsingum um efni sem hætt er að nota.

Í skýrslunni segir á nokkrum stöðum að í endanlegri stöðuskýrslu verði ítarlegri umfjöllun um tiltekin atriði. Þetta á t.d. við um 4. kafla en þar segir að beðið sé eftir skýrslum frá sérfræðistofnunum. Þetta kemur einnig fram á síðu 14 vegna söfnunar gagna frá sveitarfélögum og fyrirtækjum. Einig á síðu 15 þar sem segir að í endanlegri útgáfu af stöðuskýrslu verði fjallað um álagsmat og áhættumat á víðari grunni en hér er gert og tekið tillit til gerða viðtaka og hæfni til að taka á móti álagi. Umsagnaraðilar telja að nauðsynlegt sé að ljúka álags- og áhættumati til að fá mynd af ástandinu. Skýrslan, eins og hún er birt nú, leggur áherslu á eina hlið málsins og er sjónum beint að punktlosun. Mikilvægt er að skoða niðurstöður um punktlosun með hliðsjón af ástandi viðtaka, eins og ætlunin er að gera í lokaútgáfu skýrslunnar. Þannig má nálgast markmiðið með vinnunni, þ.e. að starfsemi fyrirtækja geti farið fram án þess að álag á viðtaka verði of mikið.

Samtökin telja æskilegt að skýrslan verði til umsagnar þegar hún nálgast endanlegt form.

Bryndís Skúladóttir
forstöðumaður umhverfismála